

1955 nr. 92 24. desember**Lög um laun starfsmanna ríkisins¹⁾**

¹⁾ Felld niður að verulegu leyti með l. 55/1962, 29. gr.

...

■ **14. gr.** ...¹⁾ Af launum kennara og skólustjóra endurgreiðist ríkissjóði $\frac{1}{9}$ hluti úr bæjarsjóði og $\frac{1}{12}$ hluti úr sveitarsjóði hlutaðeigandi skólahverfis.

¹⁾ L. 55/1962, 29. gr.

■ **25. gr.** ...¹⁾ Endurgreiða skal starfsmanni útlagðan kostnað vegna starfa hans eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.²⁾

□ [Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs ...³⁾ innheimta samkvæmt embættis skyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð,⁴⁾ er fjármálaráðherra setur.]⁵⁾

¹⁾ L. 55/1962, 29. gr. ²⁾ Rg. 101/1973. ³⁾ L. 92/1991, 33. gr. ⁴⁾ Rg. 320/1976, sbr. 294/1978 og 195/1985. ⁵⁾ L. 84/1976, 1. gr.

■ **26. gr.** Héraðslæknar, dýralæknar og prestar taka greiðslur fyrir embættisverk samkvæmt gjaldskrá, sem hlutaðeigandi ráðherra setur. ...¹⁾

¹⁾ L. 55/1962, 29. gr.

■ **29. gr.** Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti í 2 ár samfleytt eða lengur, og á hann þá rétt á biðlaunum, er hann lætur af því starfi.

□ Biðlaun skal greiða í sex mánuði, talið frá 1. degi næsta mánaðar eftir að hlutaðeigandi var veitt lausn frá ráðherraembætti. Biðlaun skulu vera 70% af launum ráðherra, eins og þau eru á biðlaunatímanum. Nú tekur sá, er biðlauna nýttur, stöðu í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans.

■ **30. gr.** ...¹⁾

¹⁾ L. 47/1965, 9. gr.